

Námsgrein: Íslenska 7. bekkur

Tímafjöldi á viku: 6 kennslust. Guðrún Kristinsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Íslenskukennslan er skiplögð að hluta samhliða samfélagsfræði og náttúrufræði þar sem hugmyndafræði og vinnubrögð Byrjendalæsis og Orð af orði eru notuð. Leitast er við að gera nemendur meðvitaða um tungumálið og mikilvægi þess að vanda sig við ritun og lestur. Lögð verður áhersla á að málfræðikunnátta nýtist við ritun og sé þannig mikilvægur þáttur í náminu. Lestur er stór þáttur, bæði yndislestur og upplestur þar sem þjálfuð verður framsögn.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur lesi margvíslega texta og þjálfist í að beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu bæði bókmenntatexta og nytjatexta.
Sjálfbærni	Skapað verður náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða sam- ábyrgir.
Heilbrigði og velferð	Reynt verður að efla sjálfstæði nemenda í vinnu með því að gefa þeim tækifæri til að vinna áhugasviðsverkefni. Markmiðið er að efla sjálfsmynd nemenda og sjálfstæði í námi.
Lýðræði og mannréttindi	Leitast er við að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar sem oftast á lýðræðislegan hátt. Um leið verður tillit tekið til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu.
Jafnrétti	Jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum verður haft í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins verða hafðar að leiðarljósi.
Sköpun	Nemendur vinna margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Tækifæri verða til að miðla verkum til annarra.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Íslensk málfræði, stafsetning	Málfræðihefti unnið af kennara Orðspor 3 Þriðji smellur	Nafnorð Að nemendur: Kunni og skilji einkenni og hlutverk nafnorða. Þekki nafnorð, kyn, tölu,fall og greini. Geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð. Lýsingarorð Að nemendur: Kunni og skilji hlutverk lýsingarorða, þekki lýsingarorð, stigbreytingu, kyn og fallbeygingu. Sagnorð Að nemendur: Kunni og skilji hlutverk sagnorða, þekki sagnorð, nútíð, þátíð og nafnhátt Fornöfn Að nemendur: Kunni skil á persónufornöfnum og eignarfornöfnum notkun þeirra merkingu og beygingu. Notkun málsins Að nemendur: skoði notkunarmöguleika íslenskunnar frá ýmsum hliðum, m.a. með fjölbreyttum ritunarverkefnum, orðaleikjum, krossgátum, krossglímum, spurningakeppnum og fleiri viðfangsefnum	Könnun tekin eftir að unnið hefur verið með hvern þátt fyrir sig.
Lestur og bókmenntir	Söguskinna Krakinn sem hvarf eftir Þorgír Þráinsson	Að nemendur: lesi/hlusti á bókmenntatexta sér til gagns og ánægju taki þátt í umræðum og geti rökstutt skoðun sína Hafi góðan lesskilning	Umsögn þar sem vinna tímabilsins er metin. Bókmenntaritgerð.

Talað mál og hlustun	Að nemendur hljóti þjálfun í framsögn, upplestri og hlustun.	Að nemendur: Tjái sig fyrir framan bekkjarfélaga Hlusti af athygli og virðingu á þann sem talar Tjái eigin skoðanir	Símat
Ritun	Frjáls og stýrð ritun í dagbók. Bókmenntaritgerð	Að nemendur: Skrifi læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd Skrifi ritgerð og lengri texta	Dagbók nemenda metin og umsögn gefin. Ritgerð metin út frá gátlista.